

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 700 28. desember 1981 um vitagjald.**

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Vitagjald, kr. 40,00 af hverri brúttórúmllest, skal greiða vegna skipa, sem eru 10 brúttórúmllestir eða stærri og taka höfn hér á landi, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot reiknast sem heil lest, en minna broti sleppt. Fyrir skip sem flytja engan farm fyrir borgun annan en farþega, skal gjaldið þó vera kr. 6,00.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 56 29. maí 1981 um vitagjald staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 32. 11. janúar 1984.

Samgönguráðuneytið, 31. janúar 1986.

Matthías Bjarnason.

Ólafur S. Valdimarsson.

Nr. 65

6. febrúar 1986

SAMÞYKKT**um breytingu á gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlit
á Akranesi, nr. 235/1985.**

1. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá nr. 235/1985 verða sem hér segir árið 1986:

Flokkun eftir umfangi og gerð

		I	II	III	IV
Vottorð	kr.	300	300	300	300
Leyfisgj. frumleyfi	—	1 000	2 000	3 000	4 000
Leyfisgj. endurnýjun	—	1 000	2 000	3 000	4 000
Eftirlitsgjald	—	5 000	10 000	19 000	32 000

2. gr.

Ofangreind samþykkt sveitarstjórna á heilbrigðiseftirlitssvæði Akranessvæðis staðfestist hér með skv. 5. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. febrúar 1986.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ragnhildur E. Þórðardóttir.